

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Borgarbyggð.

Flesjustaðir, óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar samþykkti á afgreiðslufundi nr. 54 29. apríl 2025 óverulega breytingu á deiliskipulagi sumarhúsasvæðis í landi Flesjustaða.

Breytingin tekur til skilmála en skipulagsuppráttur helst óbreyttur. Byggingarmagn allra lóða er aukið úr 80 fm í 150 fm en þegar eru til staðar sumarhús á 3 lóðum.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Borgarbyggð, 21. maí 2025.

Ásgerður Hafsteinsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B deild - Útgáfudagur: 5. júní 2025